



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni 19. ágúst 2024 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson, Sigurður Elmar Birgisson, Hákon Leifsson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Kerrusvæði**

Framkvæmdastjóri fer yfir tilboð sem borist hafa vegna uppsetningu á hliði á kerrusvæði. Honum er falið að vinna að hugmyndinni áfram og klára málið.

Setja tilkynningu á vefinn um að verið sé að skipuleggja svæðið.

### **2. Beitarhólf**

Farið yfir tillögur að reglum við úthlutun viðrunarhólfa. Samþykkt er að sjálfboðaliðar njóti forgangs á þann hátt að þeir fara í fyrsta pottinn sem dregið er úr og síðan er dregið um aðra félagsmenn.

Stjórn samþykkir reglurnar og verða þær birtar á heimasíðu félagsins.

### **3. Erindi frá Almannadalsfélaginu**

Stjórn tekur vel í erindið. Samþykkt var að leggja til girðingarefnið. Framkvæmdastjóra er falið að ræða við formann Almannadalsfélagsins um framkvæmdir við hólfið. Þá er honum einnig falið að ræða við verktaka um að setja niður hornstaura.

### **4. Viðburðahald í reiðhöllinni**

Áhugasamir aðilar hafa haft samband við formann og framkvæmdastjóra um að halda Októberfest í haust. Farið er yfir drög að kostnaðaráætlun sem aðilarnir hafa unnið.

Formanni og framkvæmdastjóra er falið að ræða nánar um útfærslu og fyrirkomulag.

### **5. Landsþing LH 25.-26. október**

Landsþing LH fer fram í Borgarnesi 25.-26. október. Stjórn ræðir um fyrirkomulag þingsins og hugmyndir að tillögum fyrir þingið.

### **6. Uppskeruhátíð**

Hugmyndir eru uppi að halda sameiginlega uppskeruhátíð Fáks, Spretts og Landsmóts í haust. Félögin héldu saman frábært Landsmót og er hugmyndin að halda skemmtilega hátíð til að þakka sjálfboðaliðum fyrir sín störf. Þá gætu félögin einnig heiðrað sitt íþróttafólk á þessum viðburði. Formanni er falið að skoða þessa hugmynd frekar með formanni Spretts.



## 7. Tilkynning frá Veitum

Veitur vinna nú að tengingu flutningsæðar yfir Elliðaár við Breiðholtsbrú. Umferð vinnuvéla og starfsfólks við brúna hefur því aukist. Til að gæta öryggis fólks og hesta hefur reiðstígum í næsta nágrenni verið lokað. Gera má ráð fyrir að lokun standi fram í miðjan október.

## 8. Greiðsla fyrir störf formanns í aðdraganda Landsmóts

*Hjörtur Bergstað vék af fundi undir þessum lið.*

Gerð er tillaga um að formaður fái greiðslu að fjárhæð 300.000 krónur fyrir störf hans fyrir Fák í kringum Landsmót. Hefur formaður setið fjölda funda með borgarstarfsmönnum og gengið erinda Fáks við hagsmunasamtök og stofnanir í aðdraganda Landsmóts. Hefur formaður varið miklum tíma í þessa vinnu og meira en eðlilegt getur talist sem formaður í sjálfböðavinnu.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Fræðslu- og æskulýðsfulltrúi

Rætt er um að starf fræðslu- og æskulýðsfulltrúa. Rætt er um hvort hægt sé að bæta verkefnum við starfslýsingu eins og til dæmis umsjón með félagshesthúsi Fáks, vera tengiliður við unga iðkendur og forráðamenn þeirra. Þá er rætt um að auglýsa starf fræðslu- og æskulýðsfulltrúa. Er framkvæmdastjóra og Sigrúnu falið að fara yfir starfslýsingu.

**Fundi slitið 18:45.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**